



Reykjavík, 8. maí 2015  
Tilv. 9.8.1  
GG/sl

Akraneskaupstaður  
Stíllholti 16-18  
300 Akranesi

AKRANESKAUPSTAÐUR			
Skj.nr.	31.1	Mótt. af Gsö	Mótt. dagi 11 MAI 2015
Áb.m.	RA	Úrv.aðili SPH	Afrit RA/SPH
Símtal		Fölvup.	Fax SAS
Svarfr.		Trún.mál	Fskj.
Málsnr. One	1505010		

Á fundi stjórnar Faxaflóahafna sf. í dag var eftirfarandi fært til bókar:

Erindi Þorgeirs & Ellerts hf., dags. 29.4.2015, varðandi uppbyggingu hafnarsvæðis í Lambhúsasundi.

**„Hafnarstjóra falið að leggja fram frekari upplýsingar um hvað felst í erindinu. Samþykkt að óska eftir umsögn Akraneskaupstaðar um erindið.“**

Gísli Gíslason, hafnarstjóri



**Faxaflóahafnir sf.  
b.t. Gísla Gíslasonar hafnarstjóra  
Tryggvagötu 17  
101 Reykjavík.**

**Efni: Uppbygging hafnarsvæðis í Lambhúsasundi.**

***Markmið og vilji Faxaflóahafna***

Þann 9.mars 2004 var undirrituð viljayfirlýsing um sameiningu nokkurra hafna við Faxaflóa og tók hið nýja fyrirtæki, Faxaflóahafnir, til starfa þann 1.janúar 2005. Í áðurnefndri viljayfirlýsingu kemur skýrt fram sú framtíðarsýn eigenda að Akraneshöfn verði eflð sem fiskihöfn og eitt af markmiðum sameiningarinnar verði „að skapa ný sóknarfæri í uppbyggingu þjónustu og atvinnurekstri á svæðinu“.


Í sameignarfélagssamningi fyrir Faxaflóahafnir sf.sem undirritaður var þann 30.mars 2008 og öðrum sem undirritaður var 18.september 2012 segir m.a.: „Í rekstri hafnanna felst að byggja, reka, viðhalda, og endurnýja hafnarmannvirki sem og rekstur hafntengdrar atvinnuáðstöðu þ.e. leigu á landi, vöruhúsum, tækjum og þess háttar, mannvirkjum hvers konar í því skyni að þjóna skipum eða fyrirtækjum á hafnarsvæðum sem sinna þjónustu við skip, farþega og farm.“

Í aðalskipulagi Akraness árána 2005-2017 er tekið mið af þessari stefnumótun fyrirtækisins. Samkvæmt skipulaginu var fyrirhugað að stækka höfnina með gerð mikils hafnargarðs út frá Skarfavör og landfyllingu í Steinsvör. Þessi hugmynd að stækkun var í takt við fyrirsjáanlega stækkun fiskiskipaflotans. Í greinargerð aðalskipulagsins er sagt að stuðla skuli að því að hafnarsvæðið þjóni hagsmunum sjávarútvegs- og iðnaðarfyrirtækja.

Á þeim árum sem liðin eru frá stofnun Faxaflóahafna hefur það ávallt verið stefna eigenda að standa vörð um upphaflega stefnumótun fyrirtækisins um eflingu Akraneshafnar sem fiskihafnar. Ekki hefur þess þó séð stað í framkvæmdum enda hafa landanir fiskiskipa dregist saman í Akraneshöfn, sérstaklega eftir að HB Grandi fór að landa úr öllum togurum sínum í Reykjavík.

***Uppbygging á Grundartanga***

Í viðtali við Gísla Gíslason hafnarstjóra Faxaflóahafna sem birtist í blaðinu Sóknarfæri þann 17.apríl 2015 segir hann orðrétt „En sem land- og lóðareigendur og eigendur að bryggjumannvirkjum tilheyra ákveðin verkefni Faxaflóahöfnum.“ Bæði fyrir og eftir þessa tilvitnun í viðtalið kynnir hann stórfelldar hugmyndir um uppbyggingu slipps og málmiðnaðarklasa á Grundartanga. Samkvæmt viðtalinu er þarna um að ræða fjárfestingu fyrir 7,5 milljarða króna og er þá uppbyggingarkostnaður og aðstöðusköpun væntalegs rekstraraðila ekki meðtalin. Að honum viðbættum má því ætla að heildaruppbygging skipaverkstöðvar á Grundartanga verði varlega áætlaður 10 milljarðar króna.



ÞORGEIR &  
ELLERT HF.

Hugmyndir að málmiðnaðarklasa á Grundartanga eru framkomnar, að sögn Gísla, þar sem reiknað er með því að slippurinn við Mýrargötu í Reykjavík víki fyrir annarri byggð á næstu misserum.

Eins og áður hefur komið fram hafa fiskiskip stækkað mjög á undanföllum árum og sér ekki fyrir endann á þeirri þróun. Er því nú svo komið að Akraneshöfn getur varla tekið á móti nýjustu og fullkomnustu skipum flotans vegna þess að viðlegurými er takmarkandi þáttur.

### *Staðan á Akranesi*

Frá því snemma á síðustu öld hefur skipaþjónusta og skipsmíði verið öflugur atvinnuvegur á Akranesi. Faxaflóahafnir eiga hafnaraðstöðu í Lambhúsasundi auk þess sem þar er skipalyfta í eigu Þorgeirs & Ellerts hf. ásamt öðrum mannvirkjum er byggst hafa upp í kringum skipasmíðar og þjónustu við skipaiðnaðinn. Aðstaða þessi hefur þó ekki náð að þróast í takt við breytingar á stærð fiskiskipa á liðnum árum enda hefur, eins og áður hefur komið fram, verið stefnt að stækkun Akranesshafnar með auknu viðlegurými.

Nýlega hafa komið fram hugmyndir að landfyllingu frá Skarfavör og að núverandi hafnargarði. Jafnframt er í drögum að nýju aðalskipulagi fyrir Akranes fallið frá fyrri hugmyndum um nýjan hafnargarð þar sem framkvæmdin hefur verið metin óraunhæf, bæði tæknilega og ekki síður fjárhagslega. HB Grandi hefur kynnt hugmyndir um uppbyggingu á þessari landfyllingu ásamt byggingu nýrra skipa félagins. Gangi þessar hugmyndir um uppbyggingu fram mun umferð fiskiskipa í Akraneshöfn aukast mjög og viðlegurými verður enn frekar takmarkandi þáttur þar sem ekki er gert ráð fyrir aukningu viðlegurýmisins.

HB Grandi er með tvö ný uppsjávarfiskiskip í byggingu og eru þau 80 metra löng og 17 metra breið. Fyrirtækið er líka með þrjá ferskfisktogara í byggingu og er hver þeirra 55 metra langur og 13,5 metra breiður. Reikna má með að samfara uppbyggingu HB Granda á aðstöðu sinni á Akranesi muni þessi skip vera í Akraneshöfn í landlegum.

### *Sókn málmiðnaðarins á Akranesi*

Undanfarin misseri hefur málmiðnaður tengdur sjávarútvegi og öðrum matvælaíðnaði eflst mjög á Akranesi. Má í því sambandi nefna að fyrirtækin Skaginn hf., Þorgeir & Ellert hf. og Grenjar ehf. hafa á undanföllum misserum fjárfest í húsnæði og búnaði fyrir vel á annan milljarð króna til þess að mæta aukinni framleiðsluþörf. Er nú svo komið að við Lambhúsasund er nú einn stærsti málmiðnaðarklasi á Íslandi með húsnæði samtals tæplega 11.000 fermetrar að stærð auk áðurnefndrar skipalyftu og hafnarmannvirkja.

Þróaðar hafa verið lausnir, m.a. í vinnslulínum skipa sem eru í einkaleyfisferli. Ef fram fer sem horfir munu þessar nýju lausnir kalla á talsverða umferð skipa vegna uppsetninga vinnslulína um borð og endurnýjun ýmiss konar búnaðar. Samkvæmt nýjustu hugmyndum um uppbyggingu Akranesshafnar mun hún ekki ráða við þessa umferð á sama tíma og umferð sistækkandi fiskiskipa eykst til löndunar. Því er brýn þörf á því að bregast við eigi málmiðnaðurinn á Akranesi að geta nýtt þau tækifæri sem eru í boði.

ÞORGEIR  
& ELLERT HF.

Bakkatúni 26 - 300 Akranes - Iceland

Tel: +354-430-2000 - Fax: +354-430-2001 - E-mail: skaginn@skaginn.is - Web: www.skaginn.is - Kennitala: 510794-2309 - Vat nr: 43357

Bank: Landsbanki Íslands - Account number: 0186-26-013226 - Iban: IS54-0186-2601-3226-5107-9423-09 - Swift: LAISISRE

110

Eins og áður hefur verið nefnt hefur hafnarstjóri Faxaflóahafna kynnt hugmyndir um stórfellda uppbyggingu slipps og málmsmíðaklasa á Grundartanga. Þessar hugmyndir eru fagnaðarefni. Hitt er undrunarefni að ekki skuli stefnt að uppbyggingu þar sem þjónusta þessi og þekking er þegar til staðar á hafnarsvæði Faxaflóahafna.

### **Uppbygging í Lambhúsasundi**

Í ljósi framansagðs tel ég undirritaður nauðsynlegt að viðlegurými í Akraneshöfn verði aukið og hef látið teikna upp hugmynd að viðlegugörðum í Lambhúsasundi sem bæði nýttast Akraneshöfn sem og málmiðnaðinum á Akranesi.

Fyrir hönd Þorgeirs & Ellerts hf. og Skagans hf. legg ég hér með fyrir stjórn og stjórnendur Faxaflóahafna hugmyndir um uppbyggingu viðlegurýma og upptökumannvirkja á athafnasvæði fyrirtækjanna á Akranesi ásamt dýpkun aðsiglingarinnar og nauðsynlegum sjóvörnum. Samkvæmt meðfylgjandi teikningum er um að ræða uppbyggingu á nýjum viðleguköntum og stálþilum, samtals u.þ.b. 425 metrar. Miðað við fyrirliggjandi kostnaðaráætlanir við sambærileg hjá Faxaflóahöfnum má ætla að kostnaður við þessar framkvæmdir nemi um 2,5 milljörðum króna.


Samhliða þessum framkvæmdum hjá Faxaflóahöfnum ætlar Þorgeir & Ellert hf. að ráðast í stækkun skipalyftunnar á sinn kostnað þannig að hún ráði við allt að 80 metra löng skip sem eru allt að 20 metra breið. Kostnaðurinn við þær framkvæmdir gæti numið á annan milljarð króna.

Uppbygging þessi við Lambhúsasund mun því í heild kosta um 3,5 milljarða króna eða um þriðjung af því sem áður nefnd uppbygging á Grundartanga er talin kosta. Auk lægri stofnkostnaðar verður rekstrarkostnaður mannvirkja og fyrirtækja einnig lægri í Lambhúsasundi.

Ég vænti þess að vel verði tekið í þessar hugmyndir þar sem þær bæði auka viðlegurými á starfssvæði Akraneshafnar og verða mikil lyftistöng fyrir frekari atvinnuuppbyggingu á Akranesi. Óska ég því hér með eftir viðræðum hið fyrsta við stjórn og stjórnendur Faxaflóahafna um hugmyndir þessar.

**Akranesi 29.apríl 2015.**

**Virðingarfyllst.**



**Ingólfur Arnason**  
framkvæmdastjóri

#### **Hjálagt:**

- Teikning af núverandi aðstöðu við Lambhúsasund
- Teikning af hugmynd að framtíðaraðstöðu við Lambhúsasund

#### **Afrit bréfsins er sent á eftirtalda:**

- Stjórn og varastjórn Faxaflóahafna
- Bæjarstjórnann á Akranesi
- Bæjarstjórn Akraness



